ÖLFUS

## Forstöðumaður á heimili fatlaðs fólks – Þorlákshöfn

Sveitarfélagið Ölfus óskar eftir að ráða metnaðarfullan og áhugasaman einstakling í starf forstöðumanns á heimili fatlaðs fólks. Um er að ræða 100% starf.

**Helstu verkefni og ábyrgð forstöðumanns:**

- Innra starf og skipulag þjónustu við íbúa
- Ráðgjöf og aðstoð til íbúa í daglegu lífi þeirra
- Leiðsögn og ráðgjöf til starfsmanna
- Daglegur rekstur, stjórnun og starfsmannamál
- Áætlanagerð s.s. launa- og fjárhagsáætlanir
- Einkafjármunir íbúa og heimilissjóður samkvæmt umboði
- Meðferð gagna og upplýsinga
- Að þjónusta og starfsemi sé í samræmi við lög, reglugerðir og samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi s.s. á sviði þroskaþjálfunar, iðjuþjálfunar, félagsráðgjafar eða sálfræði.
- Góð þekking og reynsla af stjórnun, rekstri og starfsmannamálum
- Reynsla af starfi með fötluðu fólki
- Góð samskipta- og samstarfshæfni
- Frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum og skipulagsfærni
- Þjónustulund og snyrtimennska
- Þekking á lögum og hugmyndafræði sem snúa að málaflokknum

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ragnheiður Hergeirsdóttir, forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings, s. 483-4000, netfang ragnheidur@arnesthing.is

Umsóknum skal skilað til Sveitarfélagsins Ölfuss, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn eða á netfangið ragnheidur@arnesthing.is . Með umsókn skal skila upplýsingum um náms- og starfsferil.

Öllum umsóknum verður svarað.

Umsóknarfrestur er til og með 6. október 2019.